

Lög

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. 2. tölul. fellur brott.
- b. 3. tölul. verður svohljóðandi: Leyfisbréf fyrir viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 110.000 kr.
- c. 4. tölul. verður svohljóðandi: Leyfisbréf fyrir lánaþyrirtæki, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 110.000 kr.
- d. 5. tölul. verður svohljóðandi: Leyfisbréf fyrir rafeyrisþyrirtæki, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 110.000 kr.
- e. 6. tölul. verður svohljóðandi: Leyfisbréf fyrir verðbréfaþyrirtæki, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 110.000 kr.
- f. 7. tölul. verður svohljóðandi: Leyfisbréf fyrir verðbréfamiðlun, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 55.000 kr.
- g. 8. tölul. fellur brott.
- h. 9. tölul. verður svohljóðandi: Leyfisbréf fyrir rekstrarfélög verðbréfasjóða, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 55.000 kr.
- i. 15. tölul. fellur brott.
- j. Við greinina bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Leyfi til reksturs leiktækjastaðar 5.500 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:

- a. 4. tölul. fellur brott.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 5.–13. tölul. kemur: 5.200 kr.
- c. Í stað orðsins „Vegabréfsáritun“ í 5., 6., 7., 9., 10., 11. og 12. tölul. kemur: Fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritun.
- d. Í stað orðanna „Almenn vegabréfsáritun“ í 8. tölul. kemur: Fyrir afgreiðslu umsóknar um almenna vegabréfsáritun.
- e. Í stað orðsins „Vegabréfsáritanir“ í 13. tölul. kemur: Fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritanir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskildum a-lið 1. gr. og a-lið 2. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2008.

Samþykkt á Alþingi 13. desember 2007.